

HÚSÖNDIN

45.tbl. 2.árg.
9.jan. 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 1.-16. JANÚAR



- 2.1 *Árni Einarsson, Daníel Ellertsson, Theodóra Emely Jakobs*
5.1 *Arna Halldórsdóttir, Friðrik Páll Haraldsson*
7.1 *Freyja Kristín Leifsdóttir, Daníel Örn Baldvinsson*
14.1 *Stefán Jakobsson, Einar Már Haraldsson*
15.1 *Kristinn Björn Haraldsson*

DANS, DANS, DANS

Nú í vetur ætlar Þekkingarnetið að bjóða upp á danstíma í Mývatnssveit og við byrjum á upphitun fyrir Þorralót.

Föstudaginn 18. janúar (Skáningu líkur þriðjudaginn 15.janúar)

Föstudaginn 22.febrúar (nánar auglýst síðar)

Föstudaginn 22.mars (nánar auglýst síðar)

Byrjendur og ryðgaðir í dansinum kl.20-22

Vanir dansarar kl.21-23

Kennari Anna Breiðfjörð

Verð: 5000kr. á mann

Ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga -allir með!

Skráning í síma 464 5130 (Ditta) eða 464 5100 og á netfangið ditta@hac.is

Athugið að verkalyðsfélög endurgreiða oft hluta námskeiðsgjalds,



Lestur á hitaveitumælum – Sendið sjálf inn álesturinn



Kæru Mývetningar. Nú biðlum við til ykkar um aðstoð við álestur á hitaveitumælum í ykkar fasteign og bjóðum upp á að þið sendið inn álestur með mynd.

Svona farið þið að:

Takið mynd af hitaveitumælinum, sendið með tölvupósti á netfangið

alma@skutustadahreppur.is.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja í tölvupóstinum: Heimilisfang, nafn og kennitala sendanda og hvaða dag lesið er af.

Einnig er hægt að hringja eða koma við á skrifstofunni með sömu upplýsingar ásamt álestri.

Ef þið þurfið aðstoð við álesturinn hafið þá samband við skrifstofu.

Athugið að ef fleiri en einn hitaveitumælir er í fasteigninni þarf að senda inn mynd af öllum mælunum.

Skilafrestur er til og með 15. janúar 2018.

Leiðbeiningar um álestur á hitaveitumælum má sjá hér:

https://www.youtube.com/watch?time_continue=11&v=hT6ZIGNrVL0

Eins og ykkur er kunnugt um eru hitaveitureikningar ársins byggðir á áætlun um hitaveitunotkun sem við reynum að láta endurspeгла sem best raunverulega notkun. Notendur fá þá mánaðarlega senda áætlunarreikninga. Eftir álesturinn er uppgjörreikningur sendur út til viðskiptavina. Þar kemur raunnotkun liðins árs fram og þar með kemur í ljós hvort viðskiptavinur á inneign eða er í skuld vegna næstliðins árs. Viðskiptavinir geta því átt von á reikningum með annarri krónutölu en þeir eru vanir.

Oft liggur skýringin á aukinni notkun eins og á heimilinu en stundum kann að vera að um bilun sé að ræða. Dæmi um þetta eru bilaðir ofnkrantar eða bilun í stýribúnaði húsveitu sem veldur sírennsli vatns. Þá er mögulegt að áætlun eða álestur sé rangur.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464 4163.

Þökkum góð viðbrögð

Hitaveita Skútustaðahrepps



YLUR


Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu. Umsóknarfrestur er til 25. janúar. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skylirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar starfsmann í 100% stöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.



Auglýsing um gjaldskrá



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir árið 2019 á fundi sínum 28. nóvember s.l. Þær má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins,

<http://www.skutustadahreppur.is/v/19463>

Félagsheimilið Skjólbrekka - Útleiga



Er fundur, fjölskyldusamkoma, ferming, erfidrykkja, brúðkaup, menningarviðburður, árshátíð eða skemmtun framundan? Þá er félagsheimilið Skjólbrekka kjörinn vettvangur til þess.

Sveitarfélagið hefur umsjón Skjólbrekku og fara allar bókanir í gegnum hreppsskrifstofuna í síma 464 4163 eða á netfangið **skutustadahreppur@skutustadahreppur.is**.

Nánari upplýsingar um gjaldskrá er að finna á heimasíðu Skútustaðahrepps eða skrifstofu. Athugið að gjaldskránni hefur verið breytt, m.a. hefur leiguverð fyrir lítinn sal verið lækkað talsvert og þá er boðið upp á þrif á vegum umsjónarmanns þegar allt húsið er leigt fyrir stærri viðburði (flokkur V).

Sorphirðudagatal 2019



Sorphirðudagatal Skútustaðahrepps fyrir árið 2018 er komið út og er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins,

www.skutustadahreppur.is



Við þurfum á aðstoð ykkar að halda – Könnun um líðan Mývetninga

Gleðilegt ár kæru Mývetningar

Eitt af mikilvægustu stefnumálum sveitarstjórnar er að stuðla að vellíðan og hamingju íbúanna. Hafin er vinna með það að markmiði að efla þessa þætti. Til að gera þessa vinnu markvissari og geta séð hvort hún skili tilætluðum árangri er fyrsta skrefið að kanna hvernig staðan er í dag. Það er hægt að mæla hamingju og meta líðan íbúa með viðurkenndum aðferðum. Sveitarfélagið hefur fengið Þekkingarnet Þingeyinga til að leggja fyrir könnun um líðan Mývetninga og munu þau á næstu dögum senda út upplýsingar um könnunina.

Það er afar mikilvægt að fá svör frá sem flestum, en niðurstöður verða hafðar að leiðarljósi í þeirri vinnu sem farið verður í á næstu misserum. Spurningalistinn var unninn með aðstoð frá Embætti landlæknis og með hliðsjón af rannsókn Jóhönnu Jóhannesdóttur. Niðurstöður verða ekki greindar niður á einstaklinga og öll svör eru trúnaðarmál.

Það er einlæg ósk okkar að Mývetningar taki þessu verkefni vel enda er því ætlað að gera heilsueflandi samfélag okkar enn betra.

Kær kveðja
Skútustaðahreppur

Nýjar bækur Mývetningar athugið!



Bókasafn Mývetninga er til húsa á neðstu hæð
í félagsheimilinu Skjólbrekku.

Opið á mánudögum frá kl. 15:00-19:00.



Nýjar bækur streyma inn þessa dagana.

Allir velkomnir.

Ársskírteini kostar 1.850 kr.

Einskiptis greiðsla (allt að 5 bækur) 270 kr.

bokasafn@myv.is.



Íslenska-Icelandic Course in Mývatn

Starting soon:

Íslenska 1A - for beginners

Íslenska 1B - for beginners

Íslenska fyrir lengra komna

Taught on Mondays and Fridays

Sign up at: ditta@hac.is

Price: 21.000 kr.

Teacher : Sólveig Jónsdóttir



JÓGA með Rósu „Þín stund!“



Endurnæring, uppbygging og slökun!
Kundalini- og Jóga Nidra (djúpslökun) blandað saman.
Fös. 18. Jan. Kl. 18:00 – 20:00,
Lau. og sun. 19.-20.jan. kl. 10:00-12:00

- Hægt að vera á stól sem og dýnu, gerum eftir getu hvers og eins!
- Fyrir byrjendur og lengra komna, konur og karla!
- Æfingar þýddar yfir á íslensku, hægt að gera heima í kjölfarið!

Verð: 9500.- Skráning: rosamatt@gmail.com
Vinsamlega greiða áður en námskeið hefst:
0302-13-115, kt. 030175-4849, skýring: Fullt nafn!



Rósa Matt.
Sími: 779-0026



Bændagleði

Bændur blása til gleði!

Allir velkomnir



Laugardagskvöldið 12. janúar á Breiðumýri

Húsið opnar kl. 20 og dagskrá hefst kl. 20:30

Skemmtidagsskrá í bland við verðlaunaafhendingar og viðurkenningar

Samsöngur/ Sing-along fyrir þá sem hafa gaman af því að syngja

Spjallhornið fyrir þá sem hafa gaman af því að spjalla

Dans fyrir þá sem hafa gaman af því að dansa.

Aðgangseyrir; 2500 Ath enginn posi á staðnum

Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til góðgerðarmála



Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 Söfnun skólps, hreinsun og nýting á Hólasandi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 26. september 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur til að breyting verði gerð á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 þannig að gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir söfnun salernisskólps í lokaðan geymslutank á Hólasandi og nýtingu þess til uppgræðslu á sandinum. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting nær til aðstöðu fyrir söfnunar- og geymslutank með tilheyrandi búnaði á Hólasandi.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með fimmtudeginum 10. janúar 2018 til og með fimmtudeginum 21. janúar 2018. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is/> undir „Skipulagsauglýsingar“.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 21. janúar 2018. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi